



Bókun áheyrnarfulltrúa foreldra barna í grunnskólum Reykjavíkur

102. fundur skóla- og frístundaráðs, 10. ágúst 2016, sjá [fundargerð](#)

5. liður

Varðandi endurskoðun á fjármagni vegna starfs náms- og starfsráðgjafa, umsjónarkennara og annarra.

Áheyrnarfulltrúar kennara, skólastjórnenda og foreldra barna í grunnskólum fagna því að skóla- og frístundaráð ætli að endurskoða fjármagn til að efla starf náms- og starfsráðgjafa, umsjónarkennara og annarra aðila sem vinna með nemendum sem glíma við kvíða og lítið sjálfstraust. Mikilvægt er að forgangsraða fjármagni með velferð og líðan nemenda að leiðarljósi. Kennarar og stjórnendur finna fyrir auknum kvíða meðal nemenda og aukinni fjarveru vegna þessa og því mikilvægt að bregðast við til að snúa þeirri þróun við.